

um þegnlega bænarskrá þingsins, sem beiðist þess, að bætt verði úr kornskortinum á Íslandi, hafið þér, útaf bænarskjali frá alþingismanninum úr Austur-Skaptafellssýslu um, að tæðri sýslu, sem ekki fékk neina hlutdeild í kornláaninu í fyrra, verði veittar 20 tonn af rúgi að láni til að afstýra hallæri að vetri komanda, lagt til með í bræfi dagsettu 9. þ. m., að 20 tonn af rúgi verði keyptar og sendar til Berufjarðar til aðstoðar handa sýslu þessari, með því skilyrði, að hlutaðeigandi hreppar skuldbindi sig til að gjalda 4 af 100 á ári í leigur af andvirði kornsins og að borga það aptur á 5 árum, fimmta part á ári.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið hefir látið kaupa rúg þann, er þér hafið beiðið um, og sent hann með gufupóstskipinu, sem nú fer á stað, til Weywadts, kammerassessors, verzlunarfulltrúa á Berufirði; verður hann geymdur þar til yðar ráðstöfunar, til þess að þér lánið hann bágstöddustu hreppunum í Austur-Skaptafellssýslu uppá þá skilmála, að fæ það, sem hefir gengið til að kaupa kornið og senda það, og borgað hefir verið úr íslenzka styrktarsjóðnum — en það er, auk leigu fyrir geymsluhús og fleira, sem seinna kann að falla uppá, 175 rd. 46 sk. — verði ávaxtað með 4 af 100 á ári, og borgað aptur á næstu 5 árum samfleytt, fimmti partur á ári.

Því skal við bætt, að, ef því verður ekki komið við, að flytja korn þetta í land á Berufirði, verður það flutt til Reykjavíkur.

81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kennslu heyrnalausra og mállausra á Íslandi.

Í bræfi dagsettu 8. þ. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þér hafið fengið vísbendingu frá konungsfulltrúa á alþingi um það, að til þingsins hafi komið bænarskrá um, að síra

1869.

29. septbr.

29. septbr.

1869.

29. septbr.

Páli Pálssyni í Vestur-Skaptafellssýslu, sem samkvæmt bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 4. septembermán. 1867 hefir verið trúað fyrir að kenna heyrnar- og málleysingjum, verði veittur styrkur til þess, og að þingið hafi rædt málefni þetta og fallizt á með 15 atkvæðum gegn 9 að skora á stiptantið að sjá um, að meðgjöf sú, sem síra Páli Pálssyni er borguð með hverju barni, sem komið er fyrir hjá honum á opinberan kostnað, verði nú þegar til bráðabirgða greidd úr jarðarbókarsjóði Íslands fyrirfram fyrir hvert missiri. Þó að hin þegnlega bænarskrá, sem alþingi hefir fallizt á um málefni þetta, hefði ekki verið komin til konungsfulltrúa, áður en póstskipið var ferðbúið, og hann því ekki muni geta sent dómsmálastjórninni hana fyr en með næsta póstskipi, hafið þér, herra stiptamtmaður, álitid yður skylt að bera þetta atriði nú þegar upp fyrir stjórnarráðinu, þar sem alþingi hefir vísað því til stiptamtsins til frekari framkvæmda. Þér hafið tekið fram í þessu efni, að, með því að lík ívilnan er veitt að því er snertir þá heyrnar- og málleysingja frá Íslandi, sem komið er fyrir á hinum konunglega heyrnar- og málleysingja skóla í Kaupmannahöfn, þá virðist yður sanngjarnt, að sú ívilnan, sem um er sókt, verði veitt heyrnar- og málleysingja kennslu þeirri, sem komið hefir verið á stofn með framan nefndu stjórnarráðs bréfi 4. septembermán. 1867, og sem hefir miklu meiri þörf á slíki hjálpi en skólinn í Kaupmannahöfn, af því að forstöðumaðurinn ekki er efnaður, og ekki má við að leggja til fyrirfram það, sem þarf til viðurværis handa hinum heyrnar- og mállausu börnum í hálfu eða heilt ár, því jafnaðarlega muni ekki líða skemmri tími áður en hlutadeigandi amtmenn geta borgað ársmeðgjöfina, þar sem fyrst verður að jafna henni niður á hverja sýslu og brepp í amtinu. Með því að stiptantið hefir ekki heimild til að ávísa fé því, sem hér ræðir um — en það er fyrst um sinn 120 rd. á ári fyrir hvert barn — úr jarðarbókarsjóðnum, hafið þér lagt fram með, að stjórnarráðið leyfi, þangað til málefni þetta verður útkljáð fyrir fullt og allt, að borga megi úr jarðarbókarsjóði Íslands fyrirfram, þegar

hlutaðeigandi amtmaður biður um það, hina árlegu meðgjöf með hinum heyrnarlausu og mállausu börnum, sem komið er til kennslu á opinberan kostnað til síra Páls Pálssonar, þannig, að borgunin verði greidd fyrirfram í hvert skipti fyrir hvert missiri eða hálft missiri, móti endurgjaldi sem fyrst eftir ráðstöfun hlutaðeigandi amtmanns.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörðið það og gjörðið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst eftir málavöxtum á tillögur yðar fyrst um sinn, þó svo, að meðgjöfin verði að eins greidd fyrir hvert hálft missiri fyrirfram.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjársýki í nokkrum sýslum í suð-uramtinu. 29. septbr.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað skýrslu um, að í vor er var hafi að nýju orðið vart við fjárkláðann í Árnessýslu, og um ráðstafanir þær, er gjörðar hafa verið til að stöðva hann, hafið þér skýrt frá í bréfi, dagsettu 19. júnímán. þ. á., að í vetur og vor, er leið, hafi að sögn orðið vart við annan hættulegan næman sjúkdóm í fenu í Rangárvallasýslu og eystri hluta Árnessýslu. Sjúkdómi þessum sé lýst svo, að innýflin í hinum dauðu kindum, einkum lifur og lungu og stundum heilinn, sé full af ornum, og að þeir komi líka stundum út um munninn á kindunum. Þér hafið látið þá ósk í ljósi, að útlærður dýralæknir verði sendur til Íslands með 5. ferð gufupóstskipsins til þess að rannsaka sjúkdóm þenna, og leiðbeina landsmönnum með, hvernig eigi að fara að með hann, og geti dýralæknirinn svo farið heim aptur með seinustu ferðinni í ár. Í bréfi dagsettu 26. júlímán. seinast liðins hafið þér, herra stiptamtmaður, þar næst skýrt ítarlegar frá um sjúkdóm þenna, og sent til sýnis nokkra orma m. m., sem fundizt hafa í kindunum, og að endingu ítrekað til-